

um frv. til l. um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar á nokkrum fundum og hefur aflað sér upplýsinga um það hjá sérfróðum mönnum, húsameisturum, verkfræðingum og öðrum, sem hafa á hendi byggingarfrankvæmdir fyrir hið opinbera. Ræddi hún frumvarpið við húsameistara Reykjavíkurbæjar og formann Verkfræðingafélags Íslands, enn fremur húsameistara ríkisins, skipulagsstjóra, vegamálastjóra og vitamálastjóra. Eru skoðanir hinna sérfróðu manna nokkuð á ólíkan veg um frumvarpið. Húsameistari ríkisins, vegamálastjóri og skipulagsstjóri vilja gera allskarpan greinarmun á hugmyndasamkeppni samkvæmt frumv. og almennri samkeppni og telja hugmyndasamkeppni það til foráttu, að þátttakendum séu ekki sett ákveðin skilyrði um verkefnið, sem leysa skal, og geti lausnin orðið óraunhæf til framkvæmda, og virðast þeir óttast, að verðlaun kynnu að verða veitt fyrir hugmynd, sem öðrum aðilum geti orðið falin til úrvinnslu, en þeir mundu ógjarnan vilja taka að sér að framkvæma. Hins vegar kemur fram önnur skoðun hjá húsameistara Reykjavíkurbæjar og formanni Verkfræðingafél. Íslands. Í skriflegu álit, er þeir sendu nefndinni, segja þeir m. a.: „Hefur, að því er okkur er kunnugt, aldrei farið fram hér á landi annars konar samkeppni en þær, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, svo að okkur er ókunnugt um mun þann, sem á að vera á „venjulegri“ samkeppni og samkeppni samkvæmt áður nefndu frumvarpi. — Þegar samkeppni hefur farið fram hér á landi um mannvirki, oft einhvers konar húsbýggingar, hefur aldrei verið óskað eftir fullnaðarteikningum að viðkomandi mannvirkjum, heldur aðeins frumuppdráttum, sem hafa átt að sýna glögglega hugmyndina um gerð þeirra og annað fyrirkomulag.“ Mælast þeir til þess við nefndina, að hún geri sitt til þess, að frumvarpið verði að lögum.

Er nefndin hafði kynnt sér álit þessara manna allra um frumvarpið, sendi hún það enn fremur borgarstjóra Reykjavíkur og ríkisstjórninni til umsagnar. Borgarstjóri bar frumvarpið undir bæjarráð, og er umsögn þess á þá leið, að það vill takmarka fyrirmæli laganna við þau mannvirki, sem ríkið kostar að öllu eða nokkru leyti. Frá menntamálaráðherra barst svar þess efnis, að hann mælir eindregið með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Einn nefndarmanna (JJ) mun vera mótfallinn því, að frumvarpið nái fram að ganga, og skilar hann að líkindum sérstöku nefndarálit. Meiri hl. nefndarinnar telur, að samþykkt þessa frumvarps hljóti að stuðla að því að efla íslenska verkmenningu, þar sem með samkeppni á þennan hátt gefist kunnáttumönnum betri og fleiri tækifæri til að reyna á hæfileika sína og vinna að verkefnum, sem glæða áhuga þeirra. Einnig álitum við nauðsynlegt, að ákveðið sé með lögum, hvernig samkeppni eigi að fara fram. Samkvæmt athugasemdum, sem komið hafa fram við frv. frá sérfróðum mönnum, viljum við þó gera tillögur um nokkrar breytingar á frumvarpinu. Brtt. við 1. gr. er gerð í samræmi við álit bæjarráðs Reykjavíkur, brtt. við 2. gr. eftir ósk frá Verkfræðingafélagi Íslands, og með umorðun á 3. gr. frumvarpsins ætti að vera séð fyrir því, að hugmyndir þær, sem verðlaun hljóta, verði hæfar til framkvæmda án breytinga, en húsameistari ríkisins og vegamálastjóri virtust sérstaklega bera kvíðboga fyrir, að þar yrði ljóður á.

Viljum við að þannig athuguðu máli mæla með því, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Orðin „bæjar- eða sveitarfélögum“ falli niður, og í stað orðanna „opinberu fé“ í niðurlagi greinarinnar komi: ríkisé.
2. Við 2. gr. Í staðinn fyrir málsliðinn: „Einn dómnefndarmaður skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar, og er hann formaður dómnefndarinnar“ komi: Einn dómnefndarmaður skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar. Er hann formaður dómnefndar og skal vera verkfræðingur eða húsameistari.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Hlutverk dómnefndar er að ákveða útboðsskilmála samkeppninnar og dæma um þær lausnir, sem kunna að berast. Úrskurðir dómnefndar skulu rökstuddir og verðlaun aðeins veitt þeim lausnum, sem að álit nefndarinnar eru hentugar og hæfar til framkvæmda án mikilvægra breytinga. Verðlaun, kostnað við útboðið, svo og þóknun dómnefndarmanna greiðir sá, sem mannvirkið reisir.

Alþingi, 14. febr. 1945.

Eiríkur Einarsson,
form.

Kristinn E. Andrésson,
fundaskr., frsm.